

Lög Arkitektafélags Íslands

HEITI, AÐSETUR OG MARKMIÐ

1. gr.

Félagið heitir Arkitektafélag Íslands, skammstafað A.Í. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að góðri byggingarlist, efla samvinnu félagsmanna og standa vörð um hagsmuni þeirra. Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína sem tilheyra kjaradeild og kemur fram fyrir hönd þeirra gagnvart öðrum að því er varðar hagsmuni félagsmanna.

FÉLAGAR, SKYLDUR OG RÉTTINDI

3. gr.

Fullgildir félagsmenn, íslenskir eða erlendir, geta þeir orðið sem hafa lokapróf í byggingarlist frá háskóla eða tækniháskóla, sem félagið viðurkennir.

Aukaaðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í námi í byggingarlist, o.fl. samkvæmt eftirfarandi inngönguskilyrðum. Aðild að A.Í. getur veíð með etirfarandi hætti:

- Aðild að kjaradeild: Fag- og stéttarfélagsaðild þeirra arkitekta sem greiða stéttarfélagsgjöld til A.Í. Aðildin veitir réttindi til þátttöku í fag- og stéttarfélagsmálum.
- Aðild að fagdeild: Fagfélagsgjald þeirra arkitekta sem greiða fagfélagsgjald til A.Í. Aðildin veitir réttindi til þátttöku í öllum málum félagsins öðrum en stéttarfélagsmálum.
- Aukaaðild að kjaradeild: Veitir réttindi til þátttöku í stéttarfélagsmálum.
 - Nemendur í arkitektúr sem hafa lokið BA námi.
- Aukaaðild að fagdeild:
 - Nemendur í arkitektúr.

Sá sem ganga vill í félagið, sendir skriflega beiðni um það til stjórnar félagsins þar sem skýrt kemur fram hvort sótt er um aðild að kjaradeild, fagdeild, aukaaðild að kjaradeild eða aukaaðild að fagdeild. Sá sem ganga vill í félagið með aukaaðild að kjaradeild, skal leggja fram fullgild skjöl fyrir fenginni BA gráðu í arkitektúr með umsókn til stjórnar.

Þegar við á, skal inntökubeiðni fylgja leyfi ráðherra til starfsheitis, arkitekt (húsameistari), sbr. 3. gr. laga um rétt til starfsheitis nr. 62/1986.¹⁾ Inntökubeiðni skal borin upp til samþykktar á næsta stjórnarfundum. Ná inntökubeiðnin samþykki, er umsækjandi upp frá því fullgildur félagsmaður.

Þegar við á, skal inntökubeiðni fylgja leyfi ráðherra til starfsheitis, arkitekt (húsameistari), sbr. 3. gr. laga um rétt til starfsheitis nr. 62/1986.¹⁾ Inntökubeiðni skal borin upp til samþykktar á næsta stjórnarfundum. Ná inntökubeiðnin samþykki, er umsækjandi upp frá því fullgildur félagsmaður.

Fullgildir félagsmenn noti löggilt starfsheiti, arkitekt (húsameistari) auk skammstöfunarinnar F.A.Í.

- Nú: Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996, með áorðnum breytingum, síðast breytt 17.02.2000.

4. gr.

Félagsmenn greiða félagsgjöld og útgáfugjöld eins og þau eru ákveðin á aðalfundi ár hvert. Félagismaður sem hefur fasta búsetu erlendis, (býr a.m.t. 8 mánuði eða lengur af almannaksári erlendis), getur sótt um 50% afslátt af félagsgjöldum, fari hann skriflega fram á það við stjórn. Félagismaður skal tilkynna stjórn þegar réttur til afsláttar á ekki lengur við.

Eftirtaldir félagar greiða útgáfu- og vefgjald:

Félagar 67 ára og eldri, er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu.

Stjórn félagsins er heimilt að lækka félagsgjöld fullgilds félagsmanns af tímabundnu ástæðum, fari hann skriflega fram á það við stjórn.

5. gr.

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga hvern þann er stuðlað hefur að framgangi og þekkingu á byggingarlist, eða unnið ötullega fyrir félagið. Stjórn leggur tillögu um kosningu heiðursfélaga fyrir aðalfund.

6. gr.

Félagsmenn eru skyldir til að hlíta lögum þessum og reglum félagsins eins og þau eru nú eða síðar verða með löglegum breytingum.

ADALFUNDUR, AUKAADALFUNDUR OG FÉLAGSFUNDIR

7. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok febrúar ár hvert. Fjórum vikum fyrir aðalfund lýsir félagsstjórn skriflega meðal félagsmanna eftir framboði til þeirra trúnaðarstarfa sem kjósa skal um á fundinum. Til aðalfundar skal síðan boða skriflega með 14 daga fyrirvara. Með fundarboði skal fylgja, ef fram hafa komið, framboð til kosninga og tillögur um lagabreytingar. Aðalfundur er löglegur, ef löglega er til hans boðað.

8. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann athugar í fundarbyrjun, hvort löglega hafi verið til fundarins boðað og lýsir því síðan yfir hvort svo sé. Einnig skal kosinn ritari fundarins.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrslur stjórnar og nefnda.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ávöxtun sjóða.
4. Lagabreytingar.
5. Kosningar:
 - a) Kosning stjórnar, sbr. 12. gr.
 - b) Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
 - c) Kosning í nefndir, sbr. 15.gr. Kosið skal sérstaklega um formenn þeirra. d) Kosning fulltrúa í stjórn Minningarsjóðs Guðjóns Samúelssonar.
 - e) Kosning annarra fulltrúa í samtök og ráð sem félagið er aðili að.
6. Árgjald og rekstraráætlun sbr. 18. gr.
7. Önnur mál, er upp kunna að vera borin.

Atkvæðisrétt hafa allir viðstaddir fullgildir félagsmenn, sbr. þó 23. gr.

Fundargerð aðalfundar, undirrituð af fundarstjóra og ritara, skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá aðalfundi og skal hún borin undir fyrsta almenna félagsfund þar á eftir.

9. gr.

Lögum félagsins má ekki breyta nema á aðalfundi enda séu 2/3 fundarmanna a.m.k. samþykkir breytingunni.

10. gr.

Aukaaðalfund skal kalla saman þegar þörf krefur að mati stjórnar eða þegar meirihluti félagsmanna krefst þess, og skal boða til hans á sama hátt og til venjulegs aðalfundar. Valdsvið aukaaðalfundar skal vera hið sama og aðalfundar.

11. gr.

Félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins telur við þurfa, eða þegar minnst 1/6 félagsmanna krefst þess skriflega og geta tilefnis. Þegar lögsmæt krafa um fund berst stjórn skal halda hann eigi síðar en innan 14 daga.

Formaður eða einhver úr stjórninni stýrir félagsfundum. Til félagsfunda skal boða skriflega með 7 daga fyrirvara. Ávallt skal getið fundarefnis í fundarboði og má aðeins gera samþykktir í nafni félagsins um mál, sem boðuð hafa verið. Í gerðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það, sem gerist á félagsfundi. Fundargerðirnar skulu lesnar upp á næsta fundi og bornar undir atkvæði. Fundarstjóri og ritari undirrita síðan fundargerðirnar.

STJÓRN, FASTANEFNDIR, STOFNANIR, DEILDIR OG AÐILD FÉLAGSINS AÐ ÖÐRUM SAMTÖKUM

12. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður, gjaldkeri sem jafnframt er staðgengill formanns og ritari. Formenn samkeppnisnefndar og markaðsnefndar eru varamenn í stjórn.

13. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, sinnir rekstri félagsins og gætir hagsmuna félagsheildarinnar. Stjórn ber skylda til að taka á þeim deilumálum sem til hennar er skotið. Stjórnin heldur sérstaka gerðabók um fundi sína.

14. gr.

Fulltrúaráð A.Í. er skipað stjórn félagsins ásamt formönnum fastanefnda sbr. 15. gr. Að auki getur stjórn heimilað tengdum sérhópum/félögum sbr. 16. gr. að senda áheyrnarfulltrúa á fulltrúaráðsfundi, og hafi þeir tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

15. gr.

Fastanefndir félagsins eru: laganefnd, menntamálanefnd, kjaranefnd, fagnefnd, markaðsnefnd, samkeppnisnefnd, dagskrárnefnd, siðanefnd og orðanefnd. Kjaranefnd, sem ein af fastanefndum kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn AÍ ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á aðalfundi félagsins.

Hætti nefndarmaður störfum á kjörtímabili er stjórn heimilt að tilnefna mann í hans stað að höfðu samráði við sitjandi nefndarmenn. Formaður fastanefndar skal vera úr hópi kjörinna nefndarmanna. Stjórn er jafnframt heimilt að skipa tímabundið starfshópa til að starfa að afmörkuðum tilfallandi málefnum í samvinnu við stjórn.

Innan vébanda félagsins starfar auk þess Minningarsjóður Guðjóns Samúelssonar eftir eigin skipulagsskrá.

16. gr.

Innan vébanda A.Í. er heimilt að stofna félög er starfa að launa- og kjaramálum. Einnig er heimilt að stofna landshlutafélög til þess að efla félagsstarf arkitekta búsettra utan höfuðborgarsvæðisins.

Félögin starfa sjálfstætt sem deildir og setja sér starfsreglur, er hljóta staðfestingu aðalfundar A.Í.

17. gr.

Aðild félagsins að öðrum samtökum skal samþykkt á lögmaetum félagsfundi. Þá skal í fundarboði kynna þau samtök og tilgang með inngöngu A.Í. í samtökin. Hafi slík aðild fjárhagslegar skuldbindingar í för með sér skal leita staðfestingar aðalfundar.

Félagsmenn í A.Í. verða sjálfkrafa félagsmenn í Myndstefi, Myndhöfundasjóði Íslands, en Myndstef gegnir því hlutverki að vernda höfundarrétt félagsmanna vegna birtingar á verkum þeirra til almennings og vegna annarrar hliðstæðrar notkunar.

FJÁRMÁL

18. gr.

Aðalfundur samþykkir rekstraráætlun næsta starfsárs hverju sinni og ákveður árgjald með tilliti til hennar.

Stjórn ákveður gjalddaga árgjalda og dráttarvexti.

19. gr.

Reikningsár félagsins miðast við 31. desember ár hvert.

Fyrir 1. febrúar skal stjórn félagsins hafa lokið við samningu reikninga fyrir liðið reikningsár og sent endurskoðendum. Félagsmenn hafa aðgang að reikningum félagsins viku fyrir aðalfund.

20. gr.

Kjörnir endurskoðendur yfirfara reikninga félagsins fyrir reikningsárið og skila athugasemdum sínum til stjórnar a.m.k. viku fyrir aðalfund.

SÍÐAREGLUR

21. gr.

Verði félagsmaður sakaður um brot á síðareglum félagsins, skal sakargiftum vísað til umfjöllunar síðanefndar.

Að fenginni niðurstöðu síðanefndar skal nefndin senda stjórn niðurstöðu sína um sök eða sakleysi. Ef um sök er að ræða skal síðanefnd tiltaka hvort brot telst ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Teljist brot ámælisvert skal stjórn veita viðkomandi arkitekt áminningu. Teljist brot alvarlegt skal stjórn veita viðkomandi arkitekt alvarlega áminningu og víkja honum frá trúnaðarstörfum fyrir félagið um ákveðinn tíma eða afþakka trúnaðarstörf hans fyrir félagið um ákveðinn tíma gegni hann ekki trúnaðarstörfum þegar niðurstaða er upp kveðin. Ef brot er mjög alvarlegt er viðkomandi rækur úr félaginu. Felli stjórn þann úrskurð að arkitekt skuli ekki gerður brottrækur úr félaginu, skal hún veita arkitekt alvarlega áminningu og afþakka trúnaðarstörf hans á sama máta og ef brot telst alvarlegt. Endurnýjun félagsaðildar arkitekts sem hefur verið gerður brottrækur úr félaginu skal hljóta samþykki aðalfundar. Síðanefnd getur þegar um alvarlegt eða mjög alvarlegt brot er að ræða mælt með að hinn brotlegi greiði kostnað vegna málsins. Birta skal allar niðurstöður síðanefndar í mál gagni AÍ.

ÚRSÖGN

22. gr.

Nú vill félagsmaður ganga úr félaginu, og er honum það heimilt, enda hafi hann sent stjórn skriflega úrsögn og sé skuldlaus við félagssjóð.

23. gr.

Greiði félagi ekki félagsgjald í eitt ár, skal honum vísað úr félaginu og skuldin sett í innheimtu. Stjórn félagsins skal gera viðkomandi viðvart skriflega, með þriggja mánaða fyrirvara. Úrsögn með þessum hætti leysir menn ekki undan skuldum við félagssjóð.

FÉLAGSSLIT

24. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að leysa upp félagið, og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um lagabreytingar. Fundur sá, er samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og um borgun skulda.

*Fyrst gefin út og samþykkt 14. nóvember 1936
Síðast endurskoðuð og samþykkt 21. febrúar 2018*